

157. fundur

Fundur verður haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 14. janúar 2013, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Pálsdóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Silfurgata 3, endurnýjun og viðbygging.
Bjargey ehf / Gunnar Einarsson sækir um að endurnýja og breyta gluggum og byggja 6 m² viðbyggingu við húsið að Silfurgötu 3, sbr. teikningar frá Jóni Eiríki Guðmundssyni dags. 25.10 2012. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum Silfurgötu 1. Engin athugasemd barst.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
2. Drög að samþykkt um nýrækt og frístundabúskap í Stykkishólmi.
Erindi dags. september 2012, vísað af bæjarstjórn til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.
Erindi frestað.
3. Beitarvæði fyrir innan bæjarmarka/þéttbýlismarka.
Erindi vísað af bæjarstjórn til umsagnar hjá skipulags- og byggingarnefnd um möguleika á að nýta sauðfé á illa hirt svæði innan bæjarmarakana, sbr. tillögu frá Lárusi Ástamri Hannessyni dags. 13.12. 2012.
Erindi frestað. Óskað er eftir nánari útfærslu á tillögu.
4. Umferðarmál í miðbænum.
Vegna aukins umferðarþunga um miðbæinn og höfnina er nauðsynlegt að fara yfir götur og bílastæði með tiliti til nákvæmari útfærslu á umferðarreglum, umferðaröryggi vegfaranda, fjölgun bílastæða fyrir fatlaðra, skammtímastæði, stæði fyrir stóra bíla, merkingar o.s.frv.
Erindi lagt fram til frekari úrvinnslu.
5. Ocean safari/Sjávarpakkhús, umsókn um skilti.
Magnús Örn Tómasson sækir um f.h. Ocean safari og Sjávarpakkússins að setja upp aulýsingaskilti við a) brúna út í Stykki og b) við upplýsingaskilti við Aðalgötu, sbr. erndin dags. 10.07.2012.
Lið a) er vísað til umsagnar hafnarnefndar og liður b) samþykktur að uppfylltum skilyrðum.

6. Önnur mál.

Nefndin óskar eftir að Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála (heitir nú Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála) úrskurði í kærnum á deiliskipulagsákvörðunum er taka til hestúsasvæðisins Fákaborgar Stykkishólmi, sbr. bréf dags. 9.08.2011, mál nr. 56/2011 og deiliskipulagsákvörðun er tekur til Þinghúshöfða Stykkishólmi, sbr. bréf dags. 15.07.2011, mál nr. 54/2011.

Fundi slitið kl. 21:20.

B.V.